

**247. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 2. október 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 24052265 - Eftirlitsskýrsla - Brekkubæjarskóli**

Niðurstöður heimsóknar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands í Brekkubæjarskóla 12. september s.l. kynntar.

*Eftirlitsskýrsla lögð fram til kynningar. Niðurstaða eftirlits er að ekki varð vart við hávaða eða vond loftgæði í heimsókninni en vond loftgæði voru á öðru vinnusvæðinu sem er aflokað. Jafnframt er bent á að rakatæki gætu reynst hjálpleg einstaklingum sem finna fyrir óþægindum í þurru lofti.*

**2. 2405056 - Mötuneyti grunnskóla - framtíðarsýn**

Sviðsstjóri kynnir fyrir skóla- og frístundaráði stöðu verkefnisins. Fyrstu drög að útboðsskjali lögð fram til kynningar og umfjöllunar.

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir dagskrárliðum 2 og 4.

*Skóla- og frístundaráð hefur engar athugasemdir við framlagt skjal og felur sviðsstjóra og fjármálastjóra að vinna málið áfram í samráði við skólastjórnendur. Ráðið leggur til að málið fari næst til umfjöllunar í bæjarráði.*

**3. 2309310 - Tónberg- endurnýjun á búnaði**

Erindi frá skólastjóra Tónlistarskóla Akraness varðandi ástand ljósabúnaðar í Tónbergi, kaup á tækjabúnaði ásamt þörf fyrir uppfærslu á flyglum skólans.

Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri og Alfreð Þ. Alfreðsson rekstrarstjóri Áhaldahúss sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Jónínu og Alfreð fyrir góðar umræður um málefni Tónlistarskólans - fyrirhugaðar endurbætur á loftræsikerfi og kennslustofum skólans og erindi skólastjóra. Ráðið óskar eftir frekari gögnum um útfærslu og áfangaskiptingu í tengslum við endurnýjun á ljósabúnaði í Tónbergi og uppfærslu/endurnýjun á flyglum. Fyrirhuguð kaup á tækjabúnaði rúmast innan fjárheimilda skólans.*

Jónína og Alfreð víkja af fundi.

**4. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028**

Gjaldskrár fyrir árið 2025.

*Drög að gjaldskrár lagðar fram til kynningar.*

Kristjana vísar af fundi.

**5. 2409339 - Íþróttamannvirki - stöðugildi 2025**

Tillaga forstöðumanns íþróttamála og íþróttamannvirkja um framtíðarskipulag og fjölda stöðugilda í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar.

Daníel S. Glad og Guðmunda Ólafsdóttir sitja fundinn undir dagskrárliðum 5 og 6.

*Skóla- og frístundaráð þakkar forstöðumanni íþróttamannvirkja fyrir góðar tillögur. Þær taka mið af árstíðarbundnum verkefnum og aldri iðkenda ásamt skilgreindum hlutverkum notenda/leigjenda hússanna. Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagðar tillögur fyrir sitt leyti og vísar þeim til umræðu í bæjarráði.*

**6. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun íþróttamiðstöðvar**

Bókun skipulags- og umhverfisráðs um fjölgun á föstum körfuboltakörfum í nýja íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum kynnt. Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri fylgir málinu eftir.

Bókin ráðsins er svo hljóðandi: Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fjölga föstum körfuboltakörfum um 6 í nýju íþróttahúsi á Jaðarsbökkum.

*Skóla- og frístundaráð fagnar ákvörðun skipulags- og umhverfisráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**